

og allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, Magnúsar Magnússonar, 4 kr., og málflutningskaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Hannesar Thorsteinson, og cand. jur. Halldórs Bjarnasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 16. maímánaðar.

Nr. 45/1897:

B. H. Bjarnason
gegn

Þorleifi Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í hjerði höfðað af stefnda alþingismanni Þorleifi Jónssyni gegn áfrýjandanum kaupmanni í Reykjavík B. H. Bjarnasyni til greiðslu á borgun fyrir blaðið Þjóðólf og fyrir auglýsingar, er teknar voru upp í blaðið fyrir áfrýjanda, þegar stefndi var ritstjóri þess. Var málið dæmt í gestarjetti Reykjavíkur 23. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn B. H. Bjarnason skyldi greiða stefnda Þorleifi Jónssyni 58 kr. 24 a. með 5% vöxtum frá stefnudegi 28. júlí f. á. til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður. Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. desbr. f. á., og krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að gestarjettardóminum verði hrundið og honum breytt þannig, að áfrýjandi verði að eins dæmdur til að greiða stefnda

5 kr. 2 a., en að öðru leyti sýknaður, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum hæfilegan eptir rjettarins mati. Stefndi hefur eigi mætt fyrir yfirdóminum nje nokkur af hans hendi og hefur honum þó verið löglega stefnt, og ber því samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., að dæma málið eptir skjölum þeim og skilríkjum, er áfrýjandinn hefur framlagt.

Eptir reikningi stefnda, dags. 28. júlí f. á., er hann hefur framlagt í málinu, telur hann til hjá áfrýjanda borgunar fyrir 4 árganga Þjóðólfs (1888—1891) 16 kr. og fyrir auglýsingar í blaðinu hin sömu ár 71 kr. 46 a., en þessa síðari upphæð hefur hann síðar fært niður um 4 kr. 62 a. eður í 66 kr. 84 a. Aftur á móti viðurkennir hann að hafa tekið út hjá áfrýjanda í ýmislegu 24 kr. 60 a., og er því skuld áfrýjanda eptir því, sem stefndi krefst dóms fyrir, 58 kr. 24 a. Áfrýjandinn heldur því fram, að borgun fyrir auglýsingar sje á reikningi stefnda oftalin um 28 kr. 59 a., því að þessi upphæð, sem auglýsingaborgunin 1888 nam, hafi með 50% afslætti, sem stefndi hafi veitt sjer, verið jöfnuð með úttekt hans hjá sjer það ár. Svo hafi og stefndi lofað sjer 50% afslætti einnig af hinum hluta auglýsingaborgunarinnar, 38 kr. 25 a., og eigi sjer því nú að eins að teljast til útgjalda 19 kr. 12 a. auk borgunar fyrir 4 árganga Þjóðólfs, 16 kr., eða samtals 35 kr. 12 a. Úttekt stefnda, auk 9 kr. 50 a., sem eptir stæðu, þegar úttektin árið 1888 samkvæmt áðursögðu væri dregin frá fyr greindum 24 kr. 60 a., telur áfrýjandi vera 5 kr. 60 a. fyrir vindlakassa, er stefndi hafi fengið

hjá sjer 30. des. 1887, og 15 kr., sem stefndi hafi lofað sjer sem ritlaun fyrir grein í Þjóðólfi með fyrirsögn: »Um blautfisksverzlun og bróðurkærleika«. Afrýjandi telur því, að stefndi eigi að greiða sjer samtals 30 kr. 10 a. og beri sjer því eigi að greiða honum meira en 5 kr. 2 a. alls.

Þar sem áfrýjandi heldur því fram, að borgunin fyrir auglýsingar 1888, 28 kr. 59 a., sje jöfnuð með úttekt stefnda sama ár, þá styður hann þessa sögusögn sína með því, að þessar 28 kr. 59 a. eru eigi tilfærðar í reikningi stefnda til áfrýjanda, dags. 31. des. 1891, sem hann (áfrýjandi) hefur framlagt, og að þar er áfrýjandi að einstalinn skulda stefnda við ársbyrjun 1889 4 kr fyrir 1 eintak af Þjóðólfi. En stefndi hefur skýrt frá, að svo hafi verið um samið milli þeirra málsaðilanna að nefndar 28 kr. 59 a. gengju til að borga úttekt stefnda hjá áfrýjanda, bæði fyrir 1888 og síðar, það sem þær entust, og hafi hann eigi, þrátt fyrir ítrekaðar óskir, getað fengið reikning hjá áfrýjanda yfir úttektina seinni árin og því sleppt að tilfæra upphæðina í nefndum reikningi 1891, enda ætlað að hún væri að mestu eydd. Þessa skýringu stefnda verður að taka trúanlega, enda kemur hún og heim við það, að í reikningi þessum frá 31. desbr. 1891 er ekkert af úttekt stefnda hjá áfrýjanda talið, hvorki úttektin 1888 nje seinni ára úttektin. Hjer umræddur liður í reikningi stefnda verður því að álitast rjettur.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi lofað sjer 50% afslætti í auglýsingaborguninni, en stefndi hefur neitað þessu og áfrýjandi ekki getað

sannað það loforð með neinu eða gjört sennilegt, og þar sem áfrýjandi annars hefur játað upphæðirnar í reikningi stefnda rjettar að vera, verður því að telja honum þær til skuldar með fullri upphæð. Hvað úttekt stefnda hjá áfrýjanda snertir, hefur stefndi neitað að skulda 5 kr. 60 a. fyrir vindlakassa frá 30. des. 1887, því að hann hafi fengið vindlakassa þennan sem borgun upp í eldri viðskipti þeirra, og þessi skýrsla styrkist við það, að á reikningi áfrýjanda til stefnda, dags. 14. júní 1889, yfir úttekt stefnda, eru þessar 5. kr. 60 a. ekki taldar, og hefur áfrýjandi ekki fært neina sennilega ástæðu fyrir því að þeim var sleppt á þeim reikningi. Þá verður heldur eigi krafa áfrýjanda um ritlaun, 15 kr., tekin til greina, með því að hann hefur eigi, gegn neitun stefnda, sannað eða enda fært líkur að því, að stefndi hafi lofað honum nokkrum ritlaunum.

Af þeim ástæðum, sem að framan hafa verið teknar fram, verður að fallast á það, að undirdómarinn hefur tekið að öllu til greina kröfu stefnda, og ber því að staðfesta gestarjettardóminn, og með því að stefndi hefur eigi mætt eða látið mæta í yfirdóminum, fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi gestarjettardómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá

löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 23. maímánaðar.

Nr. 6/1898:

Rafn Sigurðsson

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu var áfrýjunarstefna útgefin á skrifstofu yfirdómsins 3. febr. þ. á., og átti það eptir stefnunni að koma fyrir til meðferðar í yfirdóminum 2. þ. m., en þá mætti áfrýjandinn ekki og enginn af hans hendi, og var yfirdómsstefnan eigi lögð fram í rjettinum þenna dag. Með því nú hinn stefndi mætti þá í rjettinum og kvaðst vera kominn þar samkvæmt stefnunni, verður að álíta sannað, að stefnan hafi verið birt honum, og ber því eptir kröfu hans og samkvæmt N. L. 1—4—34 að dæma honum hæfilega þóknun fyrir ómak-ið, sem ákveðst 6 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Rafn skósmiður Sigurðsson, greiði stefnda, Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni, 6 — sex — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.